



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

# FARSÓTTAFRÉTTIR

2. árg. 1. tölublað. Janúar 2006.

## EFNI:

HIV-smit á Íslandi 2005	bls. 1
Hettusótt virðist í rénun	bls. 1
Góður árangur meningókokka-bólusetningar	bls. 2

Ritstjórn  
Haraldur Briem  
sóttvarnalæknir, ábm.  
Ása St. Atladóttir  
Guðrún Sigmundsdóttir  
Sigurlaug Hauksdóttir  
Þórolfur Guðnason

Ritstjóri  
Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ  
SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5  
170 Seltjarnarnes  
Sími: 510 1900  
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is  
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið.

## HIV-SMIT Á ÍSLANDI 2005


Á árinu 2005 greindust átta manns með HIV-smit á Íslandi og hafa því 184 greinst frá upphafi. Er það í samræmi við þróun undanfarinna ára sem bendir til takmarkaðrar útbreiðslu HIV-smits hér á landi. Fimm þeirra sem greindust á árinu voru karlar en konur voru þrjár.

Ekki varð nein breyting á áhættuþáttum fyrir smiti, en talið er að fimm hinna

smituðu hafi verið gagnkynhneigðir og þrjár samkynhneigðir karlar. Í lok ársins 2005 greindist alnæmi hjá einstaklingi sem ekki var vitað til að væri smitaður af HIV. Enginn fíkniefnaneytandi greindist með HIV-smit á árinu 2005.

Á myndinni sést nýgengi HIV-smits og alnæmis síðan 1983 og fjöldi þeirra sem látist hafa af völdum sjúkdómsins.

Fjöldi sjúklinga á Íslandi með HIV smit, alnæmi og fjöldi látinna



## HETTUSÓTTARFARALDUR VIRÐIST VERA Í RÉNUN

Eins og fram kom í síðasta tölublaði Farsóttafréttanna greindust 20 einstaklingar með hettusótt í nóvember 2005 og höfðu ekki fleiri einstaklingar greinst í einum mánuði á árinu.<sup>1</sup>

Þar sem að einstaklingar á aldrinum 20–24 ára voru í miklum meirihluta þeirra sem sýktust og faraldurinn virtist vera vaxandi ákvað sóttvarnalæknir að hvetja alla

einstaklinga fædda á árunum 1981 til og með 1985 að láta bólusetja sig með MMR-bóluefninu ef þeir höfðu ekki verið bólusettir áður.<sup>1</sup> Þeir einstaklingar sem ekki áttu að láta bólusetja sig eru þungaðar konur og einstaklingar með mikið skert ónæmiskerfi.

(Framhald bls. 2)


*Heilsugæslan í landinu og almenningur eiga hrós skilið fyrir skjót og góð viðbrögð.*

Margir brugðust skjótt við þessum tilmælum og í desember mánuði 2005 voru mjög margir einstaklingar bólusettir þótt nákvæm tala sé ekki fyrirbyggjandi.

Í desember 2005 voru 10 einstaklingar staðfestir með hettusótt (sjá mynd) og gefur það vonir um að með bólusetningarátakinu hafi tekist að hefta útbreiðslu faraldursins.

Heilsugæslan í landinu og almenningur eiga hrós skilið fyrir skjót og góð viðbrögð.

Rétt er að benda á að einstaklingar fæddir eftir 1985 eiga að hafa verið bólusettir gegn hettusótt þegar þeir voru 18 mánaða og/eða



9 ára gamlir. Ef þessir einstaklingar misstu einhverra hluta vegna af bólusetningunni á sínum tíma eiga þeir rétt á einni sprautu sér að kostnaðarlausu nú eins og öðrum ungbarnabólusetningum.

<sup>1</sup> Farsóttafréttir 2005; 11:1

## GÓÐUR ÁRANGUR BÓLUSETNINGAR GEGN MENINGÓKOKKUM C Á ÍSLANDI

Meningókokkar eru bakteríur sem geta valdið lífshættulegri blóðsýkingu og heilahimnubólgu. Á Íslandi hafa meningókokkasýkingar löngum verið algengari en í flestum öðrum Evrópulöndum af ástæðum sem eru óþekktar. Meningókokkabakteríur má skipta í nokkrar undirtegundir, en á Íslandi eru tvær tegundir algengastar, meningókokkar B og C.

Á árunum 1983–2002, á 20 ára tímabili, greindust 147 einstaklingar á Íslandi með sýkingar af völdum meningókokka C (sjá

mynd) og þar af létust 14, flestir þeirra yngri en 20 ára.

Í október 2002 hófst hér á landi bólusetningarátak gegn meningókokkum C. Stefnit var að því að bólusetja alla einstaklinga 20 ára og yngri, en auk þess varð bólusetningin hluti af almennum ungbarnabólusetningum við sex og átta mánaða aldur (tvær sprautur). Átakið gekk mjög vel og um mitt ár 2003 höfðu tæplega 90% einstaklinga 20 ára og yngri verið bólusettir.

Eins og myndin sýnir hafa einungis greinst sex einstaklingar með meningókokka C sjúkdóm á þeim þremur árum sem liðin eru síðan átakið hófst, allir eldri en 20 ára og enginn hefur látist. Eins og við var að búast þá hefur bólusetningin ekki haft nein áhrif á sýkingu af völdum annarra undirtegunda meningókokka.

Því má með sanni segja að bólusetningarátakið gegn meningókokkum C hér á landi hafi skilað mjög góðum árangri. Vonandi koma fram virk bóluefni á næstu árum gegn meningókokkum B.

*Einungis sex einstaklingar hafa greinst með meningókokka C sjúkdóm á þeim þremur árum sem liðin eru síðan átakið hófst.*

